

# Hverfisnefnd í Giljahverfi

Fyrsti fundur nefndarinnar 25. febrúar 2003

Mættir voru: Aðalsteinn Helgason, formaður nefndarinnar  
Bergur Þorri Benjamínsson  
Guðlaug Kristinsdóttir  
Gunnar Árnason  
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir  
Hólmfríður Sólveig Haraldsdóttir  
Birgir Stefánsson

Eftirfarandi málefni voru rædd og gagnrýni/athugasemdir/tillögur settar fram:

1. **Blokk við Tröllagil 29**, stækkun um 140 fm í austur og norður. Samtals 35 íbúðir með 5 íb. á hverri hæð. Leikskóli með 90 plássum, á tveimur neðstu hæðunum.

**Gagnrýni:** Stækkun á grunnfleti er töluverð, opið svæði í norður minnkar talsvert. Þessi stækkun hefur í för með sér aukið umferðaralag á þessu svæði sem nú þegar er talsvert. Byggingin hefur í för með sér skert útsýni fyrir fjölmarga íbúa á þessu svæði.

Bergur biður um að bókað verði að hann leggst alfarið gegn þessari breytingu, þ.e. stækkun grunnflatar. Einnig leggst hann gegn því að í blokkinni verði starfræktur leikskóli.

2. **Skessugil 19 og 21.**

**Gagnrýni:** Engar athugasemdir.

3. **Fjögur ný hús við Kiðagil.**

**Gagnrýni:** Skelfileg ofnýting á byggingarlóð, allt of þétt byggt! Lagt er til að húsunum verði fækkað í að minnsta kosti þrjú hús. Útlit húsanna er algjörlega úr takti við önnur nálæg hús og er það gagnrýnivert.

Skipulaginu eins og það er sett fram (fjögur hús), er harðlega mótmælt og er sett fram málamiðlunartillaga um að þeim verði fækkað.

Er gert ráð fyrir tvískiptum tunnum ef það er rétt að ekki er langt í að lífrænn úrgangur verði flokkaður?

4. **Breikkun Hlíðarbrautar.**

**Tillaga:** Breikkun Hlíðarbrautar til austurs, fyrir endanum á Merkgigili, þannig að umferð sem að fer til norðurs eftir Hlíðarbraut geti gengið óhindrað fyrir sig, þrátt fyrir bifreiðar sem beygja til vinstri úr Merkgigili.

## **5. Snjómokstur**

**Gagnrýni:** Mikil óánægja er með það að íbúar í botnlöngum þurfi að standa straum af snjómokstri (t.d. Tröllagil, snægil, Huldugil, skessugil, Skuggagil). Hér þarf að gæta jafnræðis. Þetta hefur einnig með Viðhaldsmál á götum og holræsakerfum, menn sitja ekki við sama borð hvað það varðar.

## **6. Opinn fundur**

**Tillaga:** opinn fundur verður auglýstur með vorinu fyrir íbúa Giljahverfis. Hverfisnefndin undirbýr fundinn með því t.d. að safna efnisatriðum sem þarfnast umræðu (hægt er að fara í göngutúr um hverfið og skoða það sem vel er gert sem og það sem laga og bæta þarf, þ.e. athugasemdum er safnað og þær ræddar á fundinum). Eftir fundinn mun hverfisnefndin taka saman niðurstöður og koma á framfæri við bæjaryfirvöld eftir því sem þurfa þykir.

F.h. hverfisnefndar

---

Aðalsteinn Helgason  
Formaður